

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 451/1977 um Rafmagnsveitu Reykjavíkur,  
sbr. reglugerð nr. 776, 29. nóvember 1983.

1. gr.

6. mgr. 16. gr. breytist og orðist svo:

Rafmagnsveitan ákveður gjalddaga reikninga. Útgáfudag reiknings, gjalddaga og greiðslustað skal tilgreina á reikningi.

7. mgr. 16. gr. breytist og orðist svo:

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, má Rafmagnsveitan áskilja sér og innheimta dráttarvexti frá og með gjalddaga reiknings til greiðsludags.

Í 1. mgr. 17. gr. breytist orðið „eindagi“ í „gjalddaga“.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 24. gr. orkulaga nr. 58/1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1989.*

**Jón Sigurðsson.**

*Páll Flygenring.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 122/1979 um Hitaveitu Reykjavíkur,  
sbr. reglugerð nr. 775, 29. nóvember 1983 og  
reglugerð nr. 340, 8. júlí 1987.

1. gr.

6. mgr. 24. gr. breytist og orðist svo:

Hitaveitan ákveður gjalddaga reikninga. Útgáfudag reiknings, gjalddaga og greiðslustað skal tilgreina á reikningi.

7. mgr. 24. gr. breytist og orðist svo:

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, má Hitaveitan áskilja sér og innheimta dráttarvexti frá og með gjalddaga reiknings til greiðsludags.

Í 9. mgr. 24. gr. breytist orðið „eindagi“ í „gjalddaga“.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 38/1940 um Hitaveitu Reykjavíkur og 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1989.*

**Jón Sigurðsson.**

*Páll Flygenring.*